



## Fundargerð

7. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 mánudaginn 11. apríl 2022 í Fjölheimum á Selfossi.

### Mættir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

### Forföll:

Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Geir Gígja, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

### Dagskrá:

- Umræða um ferðapjónustuna
- Stutt yfirferð yfir verkefni sl. misseri og framundan
- Önnur mál

### Umræður um ferðapjónustuna

Framkvæmdastjóri byrjar á því að fara yfir stöðuna og áskoranir framundan í ferðapjónustunni í tölum út frá mismunandi skýrslum. Meðal annars var farið yfir tölur út frá gögnum Ferðamálastofu, Íslandsstofu og frá erlendum söluaðilum. Umræða var meðal stjórnarmanna út frá þessum upplýsingum sem og á stöðu fyrirtækja í greininni, sumarið/árið framundan í ferðapjónustunni, bæði hvað varðar erlenda ferðamenn og Íslendinga.

Þá fór framkvæmdastjóri yfir nýlega stefnumótun Markaðsstofa landshlutanna (MAS) og hvað er framundan í þeirri vinnu ásamt verkefnum.

Einnig var staðan varðandi áfangastaðastofu til umræðu, staðan í þeirri vegferð sem og helstu áherslur framundan í því ferli. Til umræðu var að í framhaldi að stefnumótunarvinnu MAS yrði efnt til slíkrar stefnumótunarvinnu innan svæðis, sem verður að líkindum með haustinu.

## Verkefni sl. misseri og framundan

### Áfangastaðastofa

Starfsmaður MSS tók þátt í Leiðtogaþjálfun **SASS** í formi vinnustofa og fór fram í fjarfundi í janúar og febrúar. Að þessu sinni var áhersla á að skerpa á hæfni leiðtoga og hvernig þeir eiga að veita ráðgjafabjónustu. Ratsjain er í fullum gangi þar sem verkefnastjóri MSS er annar verkefnastjóra sem halda utan um sunnlenska hópinn. Almenn ánægja hjá þeim fyrirtækjum sem eru þátttakendur.

Framkvæmdastjóri segir frá fundi með erlendum fjárfestum sem hafa áhuga á uppbyggingu á Suðurlandi. Verkefnið var m.a. kynnt fyrir fulltrúum faghóps og ráðgjöfum SASS.

*Framundan er eftirfylgni og samtal m.a. vegna þessara verkefna. Þá er framundan fundur með stýrihóp SASS um Áfangastaðastofu.*

### Áfangastaðaáætlun – DMP

Áfangastaðaáætlun er í vinnslu. Vonir standa til um að megin línur áætlunarinnar liggi fyrir og verði til kynningar á aðalfundi. Haldin var fundur með fulltrúum ráðuneytisins ásamt öllum markaðsstofum landshlutanna varðandi stöðu og framhald **Vörðu** verkefnisins. Þá var haldin var vinnufundur í lok mars þar sem kynntar voru aðgerðaráætlanir hvers Vörðustaðar. Þingvellir verða fyrsta Varðan, líklega í júní. Verið er að skoða leiðir til að vinna **sérverkefni áfangastaðaáætlunar** en áætlað er að sérstakur verkefnastjóri verði ráðin í hluta þeirra verkefna.

### MAS samstarf

Í lok febrúar héldu Markaðsstofur landshlutanna tveggja daga vinnustofur í Reykjavík fyrir alla starfsmenn áfangastaðastofa landshlutanna. Þar var farið yfir ýmsa þætti í samstarfi þeirra og annara stofnanna. Samstarfsaðilar frá Íslandsstofu og Ferðamálastofu tóku þátt í vinnustofunum, en auk þess kom Lilja Dögg Alfreðsdóttir ráðherra ferðamála hitti hópinn og ræddi tækifærin í ferðabjónustu og verkefni framundan. Um var að ræða mjög gagnlega vinnustofu.

*Fyrirhugað er að halda framhaldsfund af þessum vinnustofum í haust.*

**Mannamót** fór mjög vel fram, en eitthvað var um forföll á síðustu stundu. Almenn ánægja var með viðburðinn sem er orðin stærsta ferðasýning á Íslandi, en það voru 200 sýnendur skráðir og um 600 gestir. Búið er að senda könnun til þátttakenda, bæði sýnenda og gesta, og verða niðurstöðurnar nýttar til að þróa og bæta viðburðinn enn frekar.

*Framundan er eftirfylgni með viðburðinum s.s. myndbandagerð, samantekt á niðurstöðum og fl.*

### Stefnumótun/samstarfið

Verið er að vinna með stefnumótun MAS út frá vinnufundi forstöðumanna í nóvember. Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður þeirrar vinnu, hlutverk MAS og verkefni framundan. Stjórn leggur áherslu á að samstarfið sé mikilvægur vettvangur í þróun og hagsmunum landshlutanna. Þá er mikilvægt að sameiginlegur skilningur liggi til grundvallar samstarfinu og verkefnunum og fagnar þessari vinnu sem miðar að því að efla það og skerpa enn frekar.

*Framundan er áframhaldandi úrvinnsla stefnumótunar, efling vefsíða og Upplifðu, hausráðstefna og fleira. Þá mun næsti staðarfundur MAS vera á Suðurlandi í lok maí og er undirbúningur hafinn.*

Fulltrúi MAS í ferðamálaráði til umræðu. Stjórn tekur undir með MAS um mikilvægi þess að fulltrúi Markaðsstofanna í ráðinu sé tryggður, líkt og lög um ferðamálaráð gerir ráð fyrir.

## Markaðsmál

- Áframhaldandi efnisvinnsla og bestun á **vefsíðunni**, þar sem unnið er að síðum samstarfsfyrirtækja, staða, sveitarfélaganna, matarauðs, ferðaleiða og fleira
- **Samfélagsmiðlar** eru í sínum takti bæði íslensku og enskum miðlum. Verkefnastjórar MSS eru að vinna við að skipuleggja birtingar á samfélagsmiðlum fyrir sumarið.
- **Upplifðu** hefur verið í áframhaldandi þróun og vinnslu, verið er að vinna við að bæta inn efni.
- Verið er að endurmeta þátttöku í **vinnustofu/sýningum**. Vonast er eftir því að hægt verði að komast á vinnustofur á Ítalíu og USA, ásamt mögulega á nýja markaði í haust.
  - *Framundan er Vestnorden sem verður á Grænlandi í ár, einnig er verið að skoða pre/post ferðir fyrir erlendar ferðaskrifstofur.*
- **PR** – stór blaðamannaferð frá USA í undirbúningi með Íslandsstofu, sem er áætluð í september.
- Undirbúningur hafinn fyrir **kynningarferðir** í vor eða haust.

## Önnur mál

### Innra starf/starfsemi

Undirbúningur fyrir aðalfund, málþing og árshátíð í fullum gangi en skráning er nýlega hafin. Áætlað er að ársreikningur liggi fyrir í kringum páska. Framkvæmdastjóri hvetur stjórn að hvetja fyrirtæki á sínu svæði til þátttöku.

### Aðalfundur MSS

Greiðslur til stjórnar til umræðu. Framkvæmdastjóra falið að senda kostnaðarmat á stjórn og ákveðið að stjórn formi tillögur að ályktun um greiðslur til stjórnar til að leggja fyrir aðalfund, sem svo tekur greiðir svo atkvæði varðandi það.

Starfsmannamál og starfsmannaskipti rædd, nýráðinn verkefnastjóri MSS kom of kynnti sig fyrir stjórn.

Fundi slitið kl. 13:30